Lýðveldinu fagnað ?
4 blöð. Merkt:
Gamall sjómaður.

28.

# Lýðveldinu fagnað?

1

Nú, þegar flestar þjóðir heimsins, hundruð milljónir manna, eru að berjast fyrir frelsi sínu og tilveru sinni, mörg hundruð þúsundir efnilegra manna, feður og forsjármenn heimilanna, eru bornir heim af vígvöllunum eða dysjaðir, og öðrum ekið þaðan limlestuðum og særðum, sökum þess, að þeir voru að reyna að vinna sér, landi þeirra og þjóð frelsi og friðar, er það þó þjóð ein-, sennilega hin eina í heiminum-, sem um þessar mundir hefir þegar endurheimt fullveldi sitt og lýðfrelsi eftir sjö alda baráttu sinna beztu manna, fagnar viðburði þessum með því, að hefja víðtæk verkföll í landi sínu, sennilega í þrássi við lög öll og lýðrétt allan.

Væri það rétt, að segja, að þjóðin öll sé einhuga og sameinuð um þennan fögnuð(!)? - Nei, og aftur nei! Það eru fáeinir ábyrgðarlausir angurgapar, sem með brögðum og lævísi hafa tekist aftan að þjóð sinni og atað henni inn í þennan ófögnuð. Menn, ef hægt væri að nefna þá því nafni, sem eru svo miklir [illegible] og aumlóðar, að þeir þora ekki fyrir sitt auma og litla líf, að taka á sig neina ábyrgð orða sinna eða gjörða, en „hafa bara hátt" um kröfur sér einum til framdráttar, en þykjast vera svo þjóðhollir einir hins vinnandi lýðs, að þeir séu að vinna að þessu fyrir þá.

En hvernig er það? Þekkir ekki hin íslenzka þjóð enn hann „Orm í Neðra", eiturnöðruna, sem hér hefir verið að skríða á milli manna og með fagurgala sínum og falsi hefir verið að grafa ræturnar undan hinum fagra og föngulega þjóðarmeiði vorum?

Svo langt eru þeir nú komnir, í þessari þokkalegu starfsemi sinni, að hann er að falla, rúmum tveim mánuðum eftir það, að hann fékk

hina margfrægu „steinaldarskó“ yfir höfuð sitt og hlaut nafnið:
fullvalda þjóð!
Nei, það er ekki þjóðin öll, heldur að eins lítill hluti hennar og hinn
ómerkasti og óvirðulegasti, sem fagnar lýðfrelsi annara — sjálfir
eru þeir ófrjálsir menn, engu ráðandi nema illu einu — á þessa lund:
verkfólkinu: verkfall ofan! Þetta eru gleði- og þjóðhátíðarsöngvar
þeirra. Verkalýðurinn tekur ekki undir þann söng! Hann heyrir,
hversu samfelldur hann er og hjáróma, þótt „æðri“ kunni að vera.
Verkalýðurinn sér, að sem betur fer, er friðar að vænta fyrir hann
og alla í heiminum, að framundan er atvinnuleysi, verðfall allra
verðmæta í landinu á öllum föstum og lausum fjármunum lands-
manna, bæði til sjós og sveita ef vinnan stöðvast og atvinnan bregst!
Verkalýðurinn veit, að hin mörgu hundruð manna, sem nú eiga þess
kost, að vinna fyrir háu kaupi, hljóta innan tíðar, að taka saman
föggur sínar, bera verkfæri sín, haka og skóflur heim á baki sér og
horfa fram á auðn atvinnuleysisins, þröngt í búi og þunga neyð fyrir
konur sínar og börn. Hann þekkir þegar innræti þessara þátta, og hann
nenn ekki þola þeim, að koma því við. Hann neitar að hlýða þeim, að
hlusta á þá að taka ómagaorð þeirra á nokkra lund til greina!
Ef ég þekki hina íslensku þjóð rétt, alþýðuverkamann á landi, sjómann og
iðnaðarmann, þá lofar hún hvorki né þeim, þessa sníða vefji sér um
fingur sér: „Vér mótmælum allir!“ segja þeir.
Ég er gamall sjómaður, sem vandist því, að þótt þeir Pétur og Páll
réru til fiskjar og fengju misjafnan afla, annar 5 í hlut en hinn 10, þá
þótti jafnan sjálfsagt fyrir þá báða og hvorn um sig, að bera sig eftir
björginni“. Að hætta að róa! Það kom þeim ekki til hugar, að sitja í landi
og hefast ekkert að, var fjarri allri hugsun þeirra og við verkfólkinu hefði
þeir eigi litið; þeir hefði fyrirlitið hvern þann mann, sem mælgaði þá með

því urðu verkfalli! Nei, svo mikilir auðsældar voru þeir ekki, þeir sáu ekki ofsjónum á því þótt einhver fengi 10 þúsundum á dag en annar aðeins 5; hvortveggja var fengin eftir og þeir hugsuðu sem svo; það verður ávalt einhverjum að gagni, sem á land kemur.

Hví hvaðsmáatt svo verkfallið nú – og reyndar oftar –? Það er hafið af óaldarlýði þeim, sem ekkert kann né getur gert öðrum til gagns og heldur ekki sjálfum sér, engu nennir og ekkert annað vill en það, að láta aðra mata sig með skeið, vegna þess, að þeir þykjast gá einhvern mismun, fá eina aura fyrir vinnustund hverja, sem betur fer fleiri en Hall þessa stundina og telja þetta hróplegt ranglæti. En það er ekki [illegible] um annað ranglæti að ræða, jafnvel hjá þeim sjálfum, að þeir þykjast eigi fá komið ár sinni svo fljótt og vel fyrir borð með þjóðbyltingu sína sem þeim líkar; þeir eru með kaupstríði og væri þeim ráðlegast að leika sér latninga við því, fá sér rækilega gaman- og iðrahreinsun, setja síðan á sepruunum meðan aðrir og þeim betri og meiri menn en að vinna störf sín, landi sínu og þjóð til heilla, því engum kemur til hugar að heimta það af þeim. Því líkum flóðalöbbum og fimbul-heimskingjum, sem Engström sálugi mundi hafa nefnt „Jubel Idioter". Átti Engström nú kost á því, að skipa stjórnmálaflokkum landsins svo sem hann gerði með nánungum kennara sinna í landi sínu, held ég, að skipting hans yrði þannig:

1. Þjóðræðisflokkurinn, sem vill afnám allra flokka og einn flokk (þjóðina alla) í einum flokki, er geti gert og vildi gera mikið gagn.
2. Sjálfstæðið (án allrar „sósu" þó) sem gert hefir mikið gagn og væri líklegur til þess framvegis.
3. Alþýðuflokkinn, sem stundum hefir verið til einhvers nýtur, en hvarflað til og frá og því miður líklegur til annars en að vilja öll góð mál og tefja fyrir þeim.
4. Framsókn, sem aldrei hefir neinu frekar lokið og sífellt fyrir

bændurna, nema það, að flytja inn karakúla kindurnar frægu og valda bændum miklu tjóni u. m. og því til einstök gáð nýtur, jafnvel svo vesall, að hann gat ekki hindrað það, að lífsvarðar komist í, hvað þá meira; einkenni hans má því kalla með stóru nöfnum.

5. Og svo „Sósannir." (Stæling).

Hver einkennastafa hans gæti má sjá af viðleitni hans til þess, að vera þjóðinni um kell með verkföllum og þess konar erki-vitleysu-hinum eina lýðfrelsisfögnuði, er þeir einir eigi og aðrir ekki. Við höfuðpaurinn hans má segja hið sama sem Daninn einn sagði forðum: „Skomager, bliv ved din Læst!" Haldi þeir bara áfram, að fagna lýðveldinu í því landi, sem eigið innræti þeirra segir þeim til um.

Íslenzka þjóðin vill ekkert með þá hafa; hún afneitar þeim og öllu þeirra fals, svikum og fagurgala. Hún telur ekki undir sig þeirra, enda eru þeir engin „þjóðhollum" og verða það aldrei.

Gamall sjómaður.